



# DALAPÓSTURINN

10. tölublað, 9. árgangur

11. ágúst 2016

## Fjártölur vegna fjallskila

Byggðarráð samþykkir að sauðfjáreigendum verði gefinn kostur á að leiðrétta opinberar hausttölur miðað við afföll vetrarins, áður en fjallskil verða lögð á.

Sauðfjáreigendur skulu hafa samband við fulltrúa í sinni fjallskilanevnd og tilkynna breytingar. Frestur til að skila inn breytingum er til 25. ágúst. Að öðrum kosti verða hausttölur 2015 notaðar við ákvörðun fjallskila.

## Skólaakstur

Ein akstursleið er laus til umsóknar nú þegar, það er Haukadalur – Auðarskóli.

Um er að ræða akstur fjögurra barna frá þremur bæjum.

Um skólaakstur í Dalabyggð gilda reglur sem finna má á vef Dalabyggðar.

Greiðslur eru samkvæmt taxta Dalabyggðar. Áhugasamir sendi skriflega umsókn á skrifstofu Dalabyggðar fyrir 19. ágúst.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.  
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

## Hörputurn – lífrænn úrgangur

Dalabyggð auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum búsettum í dreifbýli Dalabyggðar til að taka þátt í tilraun með förgun lífræns úrgangs heima.

Dalabyggð leggur til svokallaða Hörputurna og sér um að koma þeim fyrir. Þátttakendur flokka lífrænan úrgang skv. leiðbeiningum og setja í turninn í stað þess að fara með hann í sorpgámana.

Þátttakendur skila skýrslu eftir tilsettan tíma þar sem meðal annars er upplýst um fjölda heimilismanna, hve langan tíma tók að fylla turninn og hver upplifun þátttakenda var af því að farga lífrænum úrgangi á þennan hátt.

Óskað er eftir fjórum þátttakendum. Áhugasamir hafi samband við sveitarstjóra með tölvupósti sveitarstjóri@dalir.is eða í síma 430 4700.

## Auðarskóli - stuðningsfulltrúi

Stuðningsfulltrúa vantar við Auðarskóla sem er jákvæður, skapandi og vill vera virkur hluti liðsheildar.

Hæfniskröfur eru áhugi á skólastarfi, góð samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í störfum. Allar umsóknir verða teknar til skoðunar og þeim svarað.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum SDS. Umsóknarfrestur er til og með 18. ágúst.

Nánari upplýsingar veitir Hlöðver Ingi Gunnarsson skólastjóri í síma 430 4700.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið hlodver@audarskoli.is.